



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 5. febrúar 2020

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 – 467. mál**

Með rafbréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. janúar 2020, barst Landgræðslunni frumvarp til laga um loftslagsmál (hlutverk loftslagsráðs), 467. mál. Óskað var umsagnar stofnunarinnar um málið.


Landgræðslan telur að efni frumvarpsins sé af hinu góða og leggur til að það verði samþykkt.


Með samþykkt frumvarpsins eru lagðar enn frekari skyldur á loftslagsráð en gert er í gildandi lögum. Í þessum auknu skyldum felst að loftslagsráði er ætlað að leggja fram álitserð um það hvort aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum uppfylli yfirlýst markmið stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar.

Þó að framangreint hlutverk megi, með nokkrum vilja, lesa út úr b og c-lið 2. mgr. 5. gr. b. í lögum um loftslagsmál, væri akkur í að lögfesta slíkt hlutverk ráðsins. Með slíkri lögfestingu væri tryggt að þeir sérfræðingar sem loftslagsráð skipa hafi möguleika á að koma með formlegum hætti að sínum athugasemdum og ábendingum um hina lögbundnu aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Fyrir utan þann augljósa kost að tryggja aðkomu sérfræðinga að aðgerðaráætlun stjórnvalda, hvað gæði hennar varðar, má gera ráð fyrir að slík aðkoma auki trúverðugleika hennar.

Ljóst er að þegar bætt er við verkefnum á Loftslagsráð, fylgir því aukin vinna sérfróðra aðila af ýmsu tagi. Landgræðslan vill leggja á það áherslu að Loftslagsráði verði gert kleift að kaupa vinnu utanaðkomandi aðila, til að uppfylla skyldur sínar. Það er tæpast ætlunin að ætla starfsfólki á vegum Loftslagsráðs að vinna öll verkefni, enda þyrfti þá að fjölga starfsfólki nokkuð og í raun búa til nýja ríkisstofnun.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslunnar

  
Árni Bragason,  
Landgræðslustjóri.

  
Birkir Snær Fannarsson,  
lögfræðingur.

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**101 Reykjavík**

sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6.febrúar 2020

**Umsögn Landverndar um** frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (hlutverk loftslagsráðs).

Stjórn Landvernd hefur kynnt sér framangreint frumvarp. Stjórnin þakkar flutningsmönnum frumkvæðið, sem þeir sýndu og styður frumvarpið.

Stjórnin styður einnig þá tillögu að breytingar á tíðni endurskoðunar á aðgerðaáætlun verði bundnar við tvö ár en ekki fjögur eins og í núgildandi lögum. Þekkingu og kröfum í loftslagsmálum fleygir fram og því er mikilvægt að hægt sé að nýta sér þær í aðgerðir eins fljótt og kostur er.

Landvernd styður einnig tillögu að viðbótum þess efnis að álitsgerð loftslagsráðs um framkvæmdaáætlun skuli lögð fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að aðgerðaáætlun stjórnvalda hefur verið lögð fram og að hún verði birt opinberlega. Þó kann það að vera of skammur tíma og gæti komið niður á vandvirkni. Því kann að vera heppilegra að lengja umsagnarfréttinn.

Landvernd vill einnig nota tækifærið og benda á að samsetning loftslagsráðs hér á landi er önnur en hjá sumum grannþjóðum okkar. Til dæmis má vísa á loftslagsráð Danmerkur: <https://klimaraadet.dk/>. Þar er lögð áhersla á að ráðið sé óháð ráð sérfræðinga en ekki ráð tengt hagsmunaaðilum. Þetta er gert svo ráðið geti lagt óháð mat á aðgerðir en sé ekki bundið við múla sértækra hagsmuna. Í núgildandi lögum á Íslandi er gert ráð fyrir að hagsmunaaðilar eigi aðild að ráðinu og það kann að hindra möguleika ráðsins að mynda sér óháða skoðun á aðgerðaáætlunum framtíðarinnar og leggja fram eigin hugmyndir um aðgerðir.

Stjórn Landverndar hvetur Alþingi til að skoða hvernig þessum málum er skipað hjá grannþjóðum okkar, afla sér upplýsingar um reynslu þeirra. Að lokinni þessari skoðun væri rétt að íhuga framtíðarskipun þessa málaflokks hér á landi.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri



# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingi við Austurvöll

Reykjavík 4. febrúar. 2020

### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (hlutverk loftslagsráðs).

Náttúruverndarsamtök Íslands fagna þessu frumvarpi. Samtökin telja afar mikilvægt að frjáls félagasamtök eigi möguleika á að veita stjórnvöldum aðhald við framkvæmd loftslagsstefnu stjórnvalda. Á hinn bóginn eru frjáls félagasamtök sjaldnast það vel efnum búin að þau hafi burði til að veita nægilegt aðhald. Því er mikilvægt að til sé loftslagsráð sem veiti slíkt aðhald, með svipuðum hætti og er á hinum Norðurlöndunum, Bretlandi og Þýskalandi, svo dæmi séu nefnd.

Stefna Íslands er að ná kolefnishlutleysi árið 2040. Enn er þó harla óljóst hvernig því markmiði skuli náð. Því er til bóta að aðgerðaáætlun skuli endurskoða á tveggja ára fresti en ekki fjögurra. Bent skal á að fyrsta aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum var kynnt í September 2018. Nú – 18 mánuðum síðar – er von er á nýrri og endurskoðaðri aðgerðaáætlun.

### Upplýsingar

Eins og staðan er í dag eru tölur um losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi tveggja ára gamlar sem veitir stjórnvöldum mun skemmri tíma til að bregðast við aðstæðum en ef gögnin væru. Til að Loftslagsráð, samtök almennings eða aðrir hagaðilar geti veitt stjórnvöldum tilhlýðilegt aðhald er nauðsynlegt að fjárveitingavaldið styrki gagnaöflun til að Umhverfisstofnun og aðrir opinberir aðilar geti veitt upplýsingar um losun sem næst rauntíma. Í Svíþjóð liggja tölur fyrir losun árið áður um 6 mánuðum eftir áramót.

Aðgengi almennings að upplýsingum um loftslagsbreytingar er æði torvelt. Leita má upplýsinga hjá Umhverfisstofnun, umhverfisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og forsætisráðuneyti en þessir vefir eru ekki auðveldir aflestrar.

Veðurstofan veitir mikilvægar upplýsingar, t.d. með útgáfu [vísindaskýrslu um loftslagsbreytingar](#), maí 2018. Þessi skýrsla hefur nánast ekkert verið kynnt hér á landi og ekki fylgir samantekt á ensku og því borin von að erlendir fræðimenn eða fjölmiðlafólk geti nýtt sér þær mikilvægu upplýsingar sem er að finna í skýrslunni.

Í f-lið **[5. gr. b. Loftslagsráð]** í lögum um loftslagsmál segir

f. vinna að öðrum verkefnum sem ráðherra felur ráðinu hverju sinni.

Náttúruverndarsamtök Íslands leggja til að þessum f-lið verði felldur brott því ákvæðið dregur úr sjálfstæði Loftslagsráðs. Jafnframt verður erfitt fyrir almenning, fjölmiðla, stjórnámamenn eða aðra hagaðila að átta sig hvort einstakar afurðir loftslagsráðs, t.d. álit á kolefnishlutleysi, séu verkefni sem ráðherra hefur falið ráðinu eða hvort ráðið sjálft hafi átt frumkvæði að.


### **Kolefnishlutleysi**

Kolefnishlutleysi árið 2040 er meginmarkmið loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Mörg önnur ríki hafa sett sér markmið um kolefnishlutleysi og sum þeirra hafa bundið það í lög, t.d. Bretland, Svíþjóð og Frakkland. Fleiri munu fylgja.

Náttúruverndarsamtök Íslands telja mikilvægt að kolefnishlutleysi verði bundið í lög til að ramma betur inn stefnu og stefnumótun íslenskra stjórnvalda með það að markmiði að Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar og nái kolefnishlutleysi á tilsettum tíma.

Virðingarfyllt,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson.



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 5. febrúar 2020

2001056SA GB  
Málalykill: 00.63

### Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um loftslagsmál, 467. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til aukið aðhaldshlutverk loftslagsráðs gagnvart aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum, þar sem ráðinu er falið að leggja fram álitserð um það hvort aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum uppfylli yfirlýst markmið stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar. Jafnframt er lagt til að aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum skuli endurskoðuð eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti í stað fjögurra til að endurspegla þá brýnu þörf sem er á stigvaxandi eflingu aðgerða gegn loftslagsbreytingum.

Sambandið telur að sjálfstæð og hlutlæg rýni á fyrirhuguðum aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum sé mikilvægt grundvallaratriði í stefnumörkun hins opinbera og opinberri umræðu þar um. Að álit sambandsins mætti þó hnykkja enn frekar á því að í álitserð skuli einnig lagt mat á forgangsröðun aðgerða með tilliti til kostnaðar- og ábatagreiningar. Þá skuli ráðið fara yfir hvort aðgerðir séu fjármagnaðar og leggur sambandið sérstaka áherslu á að farið sé yfir fjármögnunarpáttinn varðandi aðgerðir sem eru settar á ábyrgð sveitarfélaga.

Að teknu tilliti til framangreindra ábendinga mælir sambandið með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
bt. skrifstofu Alþingis, nefndasviðs  
101 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Dags. 05.02.2020  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2019-0090  
0.5.1

Með erindi dags. 23. janúar sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til laga um loftslagsmál (hlutverk loftslagsráðs) – 467. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 með síðari breytingum segir svo um meginhlutverk og verkefni loftslagsráðs:

*„Starfrækja skal loftslagsráð sem hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum.*

*Verkefni ráðsins eru að:*

- a. veita ráðgjöf um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðir til að auka kolefnisbindingu,*
- b. veita ráðgjöf um aðlögun að loftslagsbreytingum,*
- c. rýna á undirbúningsstigi áætlanir stjórnvalda sem snerta loftslagsmál,*
- d. hafa yfirsýn yfir miðlun fræðslu og upplýsinga um loftslagsmál til almennings, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga,*
- e. rýna tillögur sem berast frá fagstofnunum um vöktun og rannsóknir sem tengjast loftslagsbreytingum,*
- f. vinna að öðrum verkefnum sem ráðherra felur ráðinu hverju sinni."*

Þannig er eitt af verkefnum ráðsins að koma að gerð aðgerðaráætlunar, þ.e. með því að rýna hana á undirbúningsstigi, sbr. staflíð c. hér að ofan.

Í frumvarpinu er lagt til að loftslagsráði verði til viðbótar falið það verkefni að leggja fram álitserð um það hvort aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum uppfylli yfirlýst markmið stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar. Í ljósi þess að ráðið hefur þegar rýnt aðgerðaráætlunina er mögulegt að það komi ekki að áætluninni á þessu seinna stigi sem óháður aðili.

Þá skal bent á að sá tímarammi sem ráðinu er ætlaður til framlagningar álitserðarinnar er það knappur að ólíklegt er að það hafi mikinn tíma til annars en að benda á það sem þegar hefur verið rýnt. Umfangsmeiri og vandaðri skoðun krefst lengri tíma en fjögurra vikna.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ